

131 — Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um styrk handa uppgjafaprestum. —

8. júl. Stiptsyfirvöldin hafa með þóknanlegu brjefi 5. þ. m. sent mjer endurrit af úthlutun þeirri, er sýnóðus hafði gjört 4. þ. m. á styrktarfje til uppgjafapresta og presta-ekkna, og jafnframt lagt það til, að jeg staðfesti úthlutun þessa, að því er til fjárupphæðar þeirrar kemur, er veitt er með 13. gr. A b 4. fjárlaganna, og beiðzt þess, að herra biskupinum verði ávísuð upphæð þessi, svo að hann geti annazt um, að hlutaðeigendum verði styrkurinn greiddur.

Út af þessu vil jeg nú þjónustusamlega tjá það, er hjer segir:

Þar sem svo er fyrir mælt í 6. grein laga um skipun prestakalla, dags. 27. febr. 1880, að «árgjald það, sem eptir tilsk. 15. desbr. 1865, 7. gr. ber að greiða af brandunum, skal vera afnumið, og greiðist í þess stað 2000 kr. til uppgjafapresta og presta-ekkna úr landssjóði, þangað til uppgjafaprestum og prestaekkjum er borgið á annan hátt», þá er það hvorttveggja, að með þessu er engin breyting gjör á þeirri ákvörðun, að fje þessu skuli skipt í tvo hluti jafnstóra, og fái uppgjafaprestar annan en prestaekkjur hinn, enda er og með þessu fyrir það tekið, að þeir uppgjafaprestar, sem «á annan hátt er borgið,» einkanlega þeir uppgjafaprestar, er lausn hafa fengið með eptirlaunum úr landssjóði samkvæmt lögum 27. febr. 1880 um eptirlaun presta, geti til greina komið, þá er úthluta skal þeim 1000 kr., sem uppgjafaprestum eru ætlaðar; en af þessu leiðir aptur, að verði einhverjum hluta þessara 1000 kr. eigi samkvæmt tilgangi sínum varið til styrks fátökum uppgjafaprestum, sem eptirlaun þeirra hvíla á hlutaðeiganda prestakalli, þá verður þessi hluti eigi veittur þeim uppgjafaprestum, er fá eptirlaun úr landssjóði samkvæmt lögum 27. febr. 1880, heldur sparast hann landssjóði. Þetta sjest og af athugasemdunum við fjárlögin fyrir 1882 og 1883, 13. gr. A b 4 og 5 (Alp.tíð. 1881, I, 30. bls.).

Með því nú að sýnóðus hefir úthlutað 3 uppgjafaprestum, er eptirlauna njóta úr landssjóði, styrk, er alls nemur 240 kr., af þeim 1000 kr., er hjer ræðir um, þá álit jeg mjer eigi heimilt, að ávísa af upphæð þeirri, er veitt er fátökum uppgjafaprestum með 13. gr. A b 4 fjárlaganna, meira en 760 kr.; en leitað hefi jeg í dag úrskurðar ráðgjafans um málið.

Með þessum athugasemdum staðfesti jeg úthlutun þá, er sýnóðus hefir gjört, að því er kemur til 760 kr. til fátækra uppgjafapresta og 1000 kr. til prestaekkna, og læt jeg þessu bræfi fylgja ávísun til greiðslu þessum 1760 kr. úr jarðabókarsjóði, svo að þjer, herra biskup, getið þóknanlega ráðstafað þeim.

132 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um

8. júl. bráðabirgða-sveitarstyrk. — 20. ágúst f. á. staðfestuð þjer, herra amtmaður, úrskurð sýslumannsins í Húnavatnssýslu frá 20. september 1880, er skyldar Bólstaðarhlíðarhrepp til að endurgjalda Þverárhreppi legu og lækningakostnað Steindórs Sigvaldasonar frá 10. ágúst til 1. desbr. 1879 með 117 kr. 95 a. Síðan hefir hreppsnefndin í Bólstaðarhlíðarhreppi áfrýjað málinu hingað, og eptir að jeg nú hefi með brjefi yðar frá 25. apríl þ. á. meðtekið skjöl málsins, vil jeg tjá yður það, er á eptir fer, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum.

Áfrýjendurnir játa, að Steindór sá, er hjer ræðir um, sje fœddur 10. ágúst 1863 í Bólstaðarhlíðarhreppi, og að hann því hafi 10. ágúst 1879 öðlazt þar framfærslurjett, en þjer neita því, að þörf hafi verið á að leggja honum sveitarstyrk í Þverárhreppi, og mót-mæla upphæð kostnaðar þess, sem þjer eru krafðir endurgjalds á.

Fyrir sumarmál 1879 kom faðir Steindórs honum fyrir á bœ í Þverárhreppi til þess, **132** að hann þar gæti notið lækninga hjeraðslæknisins, sem er búsettur í þessum hreppi, en með 8. júlí. brjefi frá 8. september s. á. skýrði oddviti hreppsnefndarinnar þar sýslumanninum í Húnavatnssýslu frá því, að húsbóndi piltins hefði sökum fátæktar föðurins krafizt, að sveitarstjórn Þverárhrepps ábyrgðist sjer 5 kr. vikumæðlag með piltinum, og beiddist oddvitinn því vegabryjfs handa honum austur í sveit hans. Út af þessari beiðni ritaði sýslumaðurinn hreppsnefndinni í Bólstaðarhlíðarhreppi 16. septbr. 1879, en fyrst 6. nóvbr. s. á. svaraði hreppsnefndin þessu brjefi, mótmælti því að greiða nokkurt mæðlag með piltinum, og heimtaði hann fluttan heim til sín, og hófst þar eptir flutningur þessi úr Þverárhreppi 1. desbr. s. á.

Í brjefi sínu frá 8. septbr. 1879 segir hreppsnefndin í Þverárhreppi, að oddviti hreppsnefndarinnar í Ásshreppi, þar sem faðir Steindórs virðist að hafa átt sveit, hafi fullum mánuði áður aðvarað oddvita Bólstaðarhlíðarhrepps um, að annast um hagi Steindórs. Það er nú hvorttveggja, að þessi ummæli virðast hafa sprottið af misskilningi, enda hefir ekkert komið fram um, að Þverárhreppur hafi krafizt endurgjalds frá Áshreppi á mæðlagi með Steindóri, fyrir 16 ára afmælisdag hans. Í sambandi þar við er það at-hugavert, að Þverárhreppur getur ekki þess í brjefi sínu frá 8. septbr. 1879, að fyrir þenna dag hafi verið lagt nokkuð úr sveitarsjóði með Steindóri, og sjest það ekki, að hreppsnefndin í Þverárhreppi hafi fyrir 8. septbr. 1879, haft nein afskipti af högum piltins, og er það ljóst, að hreppsnefndin ætti ekki með að ábyrgjast mæðlag það, er áfallið var, þá er hreppsnefndin tók piltinn til framfærslu, og að sjer í lagi ekki gat verið nein rjett ástæða til þess, að ábyrgjast endurgjald á slíku mæðlagi eptir þann dag, að pilturinn öðlaðist sveit í Bólstaðarhlíðarhreppi fremur en fyrir þenna dag. Aptur á móti virðist hreppsnefndin í Þverárhreppi eða oddviti hennar að hafa 8. septbr. 1879 haft næga ástæðu til að annast um heimflutning Steindórs, og að leggja honum bráðabirgðastyrk, þangað til flutningur þessi gæti farið fram, og var það ekki Þverárhreppi að kenna, að flutningur þessi dróst til 1. desbr. s. á.

Kostnaður sá, er Bólstaðarhlíðarhreppur hefir verið skyldaður til að endurgjalda Þverárhreppi í þessu máli, hefir verið reiknaður þannig :

a. 16 vikna mæðgjöf 6 kr. fyrir hverja viku	96 kr. » a.
b. fæðispeningar, hestar og fylgdir handa hjeraðslækni í 4 ferðum 18kr. 50 a.	
meðöl	3 — 45 21 — 95
	alls 117 — 95

Af því sem sagt er að framan um, hvenær bráðabirgðastyrkurinn var lagður Steindóri, í Þverárhreppi leiðir nú fyrst, að mæðgjöfin verður ekki heimtuð endurgoldin af Bólstaðarhlíðarhreppi um lengri tíma en frá 8. septbr. 1879 og til 1. desbr. s. á., eða um 12 vikur, og með því að hreppsnefndin í hinu nefnda brjefi sínu hefir sjálf tekið fram, að húsbóndi piltins hefði ákveðið mæðlagið 5 kr., og að þessi upphæð sje hin saunngjarnasta, getur ekki komið til tals, að skylda Bólstaðarhlíðarhrepp til að endurgjalda meiri mæðgjöf með piltinum en 5 kr um vikuna í 12 vikur, eður alls 60 kr. Að því er snertir lækniskostnaðinn, hefir komið fram reikningur frá hjeraðslækninum fyrir ferðakostnaði og meðölum, og frá húsbónda piltins reikningur fyrir fylgd handa lækninum 1 dag og sýnir hvorugur reikningurinn, hvaða daga hin nefnda ferðalög hafi átt sjer stað, og hvenær meðölin hafi verið afhent Samkvæmt því, er að framan segir, getur nú Bólstaðarhlíðarhreppur ekki verið skyldur að endurgjalda kostnað við aðrar lækningar, en þær, sem hafa átt sjer stað eptir 8. sept. 1879, og er það í þessu tilliti

132 athugasvert, að hreppsnefndin í Þverárhreppi hefir í brjefi sínu frá þessum degi getið
8. júlí. þess, að lækurinn þá hafi talið Steindór flutningsfóran.

Samkvæmt því, er þannig er tekið fram, úrskurdast, að Bólstaðarhlíðarhreppi beri að endurgjalda Þverárhreppi 60 kr. fyrir húsaskjól, rúm, fæði o. fl., handa piltinum Steindóri Sigvaldasyni, á tímabilinu frá 8. sept. til 1. desbr. 1879, og enn fremur eptir löglega úrskurðuðum reikningi kostnað þann, sem leitt hefir af lækningum þeim, er Steindór hefir notið á tjeðu tímabili; en að öðru leyti er úrskurður sá, er þjer, herra amtmaður, og sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu hafið lagt á þetta mál, úr gildi felldur.

133 — Brjef landshöfðingja til forstöðunefndar landsbókasafnsins um brjef Kriegers
10. júlí. stiptamtmanns. — Nokkru eptir dauða L. A. Kriegers stiptamtmanns sendi executor testamenti í búi hans, Holck overauditeur í Álaborg, stiptamtmaninum yfir Íslandi með brjefi dags. 8. ágúst 1841, sem hjer með fylgir eptirrit eptir, skjalaböggul einn, er geymdur skyldi í skjalasafni stiptsamtsins og eigi opnast fyrr en að þeim tíma liðnum, er brjefið getur um.

Tímabil þetta er nú liðið, og hefir böggullinn því verið opnaður; fundust í honum auk uppkasta Kriegers stiptamtmanns til embættisbrjefa þeirra, er hann samdi, meðan hann gegndi embættinu, safn af privat brjefum þeim, sem hann á því tímabili (1829—1834 og 1836—1837) hefir fengið frá ýmsum mönnum, einkum embættismönnum hjer á landi. — Það virðist nú eðlilegast, að hin fyrnefndu skjöl sjeu geymd í skjalasafni landshöfðingjadæmisins, en þar á móti virðist mjer bezt við eiga að geyma þau brjef, sem eru privats eðlis, í landsbókasafninu á sama hátt og önnur handrit, er því til heyra.

Jeg leyfi mjer því að senda hinni heiðruðu forstöðunefnd privatbrjefa-safn það, er L. A. Krieger stiptamtmaður samkvæmt áðursögðu hefir látið eptir sig, og jafnframt að skora á nefndina að taka brjef þessi til geymslu í landsbókasafninu samkvæmt reglum þeim, er gilda um slík skjöl.

134 — Brjef landshöfðingja til oddvita hreppsnefndarinnar í Seltjarnarnesshreppi
11. júlí. um lán til að byggja barnaskólahús. — Eptir að hreppsnefndin hafði fengið samþykki sýslunefndarinnar í Kjósar- og Gullbringusýslu til þess að taka 2500 kr. lán til að byggja nýtt barnaskólahús úr steini í hreppnum, hafið þjer í umbodi hreppsnefndarinnar 4. p. m. farið þess á leit, að hreppsnefndin mætti fá lán þetta úr viðlagasjóði landsins þannig, að það verði ávaxtað og endurborgað á 28 árum með því að greiða þessi ár 6% árlega, af upprunalegri upphæð lánsins.

Lán þetta mun hreppsnefndin geta fengið borgað úr landssjóði gegn löglegu skuldabrjefi og að svo miklu leyti sem fje verður fyrir hendi í viðlagasjóði, þegar lánsins er vitjað.

EMBÆTTISVEITING.

25. dag júlímánaðar var presturinn að Söndum í Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi. síra Helgi Arnasyni, skipaður prestur að Nesþingum í Snæfellsnessprófastsdæmi.

ÓVEITT PRESTAKALL.

Lundur í Borgarfjarðarprófastsdæmi (Lundar- og Fitjasóknir). Þessu brauði fylgir 200 kr. uppbot úr landssjóði, þar að aukí er það metið 527,45 kr. Augl. 25. júní 1882.